

Nr. 20-112 S 077 Agla ÁR 79***Vélarvana og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2871
Útgerð: AAH ehf.
Smíðaður: Mótun, 2016, trefjaplast.
Stærð: 15,28 bt.
Mesta lengd: 9,99 m *Skráð lengd:* 11,59 m
Breidd: 3,67 m *Dýpt:* 1,72 m
Vél: Cummins, 187 kw, árg: 2008.
Fjöldi skipverja: 1



Agla@Emil Páll

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 16. desember 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. október 2020 var Agla ÁR 79 á siglingu norður af Horni. Veður: SSA 4 m/s.

Á siglingunni varð báturinn vélarvana og var óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Gísli Jóns frá Ísafirði dró bátinn til hafnar í Bolungarvík.

Við rannsókn kom fram:

- að á landleið kom högg á bátinn og dró aðeins niður í vélinni. Við skoðun kom í ljós að skrúfuöxullinn fyrir aftan gír var farinn í sundur;
- að strokkurinn var rispaður bakborðsmegin og festingar fyrir bakborðs flapsann brotnar;
- að skipstjórinn taldi að rekald hefði farið í skrúfunu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.